Ed. **238. Frumvarp til laga** [76. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (29. gr.) Ekki má ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

b. (30. gr.) Frá 1. janúar 1972 skal greiða meðlag með skilgetnu barni, þar til það nær þeim aldri, er 29. gr. kveður á um, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.